

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Sölugjald 25% samkvæmt lögum er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema liður D (húshitun), sem er undanþeginn gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með að öðlast gildi 1. mars 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 576, 16. desember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1988.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Húsavíkur.****Raforkuverð — Yfirlit****A — Almennir taxtar.**

A.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	6,14 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 503,00 kr/ár
A.2	Verð á raforku til heimilisnotkunar	
	Orkugjald	5,02 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 503,00 kr/ár
A.3	Verð á raforku til mannvirkjagerðar	
	Orkugjald	8,12 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	2 558,00 kr/ár

B — Aftaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar.	
	Fastagjald	28 802,00 kr/ár
	Orkugjald	1,83 kr/kWh
	Aflgjald	7 201,00 kr/ár/kWh
	Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.	

C — Hitun.

C.1 Verð á raforku til órofinnar hitunar.		
Orkugjald		3,25 kr/kWh
Fast gjald		4 411,00 kr/ár
C.2 Verð á raforku til rofinnar hitunar		
Orkugjald		1,70 kr/kWh
Fast gjald		2 857,00 kr/ár
Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.		

Önnur fastagjöld.

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.

Fast gjald fyrir B lið skal jafngilda einu ársklóvatti og bætast við mældan afltopp.

Mælitæki.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyriræmum rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

Málstr.		Heimtaugargjöld:
25A	1 fasa	7 440,00
63A	1 fasa	36 800,00
63A	3 fasa	40 200,00
100A	3 fasa	61 800,00
200A	3 fasa	126 000,00
315A	3 fasa	199 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnaði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.**1. gr.**

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafl á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 1 100,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 1 100,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 515, 18. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Árni P. Árnason.

REGLUGERÐ

um fylgiréttargjald og starfslaunasjóð myndlistarmanna.

1. gr.

Við söluverð málverka svo og annarra myndverka og listmuna á listmunauppboðium leggst sérstakt fylgiréttargjald er nemur tíu af hundraði (10%) af andvirði hins selda. Fylgiréttargjaldið fellur í hlut höfundar viðkomandi verks eða erfingja hans að honum látnum. Réttindi skv. 3. gr. laga um listmunauppboð eru ekki framseljanleg.

Sé höfundaréttur fallin niður eða verði fénu ekki ráðstafað eftir þeim reglum sem reglugerð þessi kveður nánar á um, rennur það í sérstakan sjóð, Starfslaunasjóð myndlistarmanna, sbr. 5. gr. reglugerðar þessarar.

Eigi íslenska ríkið höfundarétt að verki, sem selt er á listmunauppboði, skal fylgiréttargjaldið renna í Starfslaunasjóð myndlistarmanna.

2. gr.

Listaverk, sem falla undir gjaldskyldu skv. 3. gr. laga um listmunauppboð nr. 36/1987 eru öll málverk, þ.e. frumverk, sem gerð eru með olíulitum, akryllitum, tempera, vatnslitum, gouache og pastellitum svo og myndverk, sem gerð eru með annarri tækni.